

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Maí 2009



Góða skemmtun

Á Arnarvatnsheiði

“Og hvar ætlar þú svo að veiða í sumar?” Þessi gamalkunna og ofureðlilega vörspurning og aðrar viðlíka, eru þessa dagana framsettar af meiri varfærni og annars konar eftirvæntingu en hér fyrr. Ástæðuna fyrir því þarf vart að tíunda. Við vitum ekki alltaf hversu djúp þau eru örinn sem harðindi og átök undanfarinna mánaða hafa skilið eftir sig hjá viðmælendum okkar og því vissara að fara varlega. Það sem var þess vegna sjálfsgat í fyrra getur orkað tvímælis í dag.

En það er óhjákvæmilega og sem betur fer vor í lofti, dimmur vetur að baki og sumar með þráða birtu framundan. Birtu sem eflir með okkur von og tilhlökkun, en áreiðanlega er fátt hollara andanum en góð og gegn tilhlökkun. Og þar erum við Ármenn vel settir, því við erum flestir þungt haldnir þeim sjúkdómi sem kallast veiðidella og erum auðginntrir til eftirvæntingar og tilhlökkunar. Meðal alkunnra einkenna sjúkdómsins eru ólæknanandi bjartsýni, fullkomin gleymaska á fyrri hrakfarir, óskiljanleg trú á ágæti veiðifélaganna og þessi takmarkalaus og endalaus og, fyrir öðrum, óskiljanlega þrá. Drápsgleði kemur hér hvergi nærri og er sennilegast hvergi að flækjast inni í óskasýninni.

Hvernig þetta svo blandast núna saman við minningu um aflasæld seinasta sumars í laxveiðinni,

breytta fjárhagslega getu, brauðstritið eða aðrar skyldur fer auðvitað eftir hverjum og einum.

Ljóst er að ásókn í hin dýrari veiðileyfin er nú nær engin. Mat á því hvers virði veiðidagur í dýrri á er miðað við önnur veiðisvæði eða aðrar dægrastyttingar er í löngu tímabærri endurskoðun. Veiðileyfi sem kosta yfir 100 þúsund krónur stangardagurinn, og þó mun minna væri, eiga ekkert skylt við þá ánægju að veiða fisk á stöng, eru í engum tengslum við ljúfan félagskap, kemur útivist ekkert við og er í algjörru andstöðu við þau gildi sem menn hljóta að byggja heilbrigða samveru við fjölskylduna á.

Án þess að fjalla sérstaklega um veiðisvæði okkar Ármanna, er þó í samhengi við þetta auðvitað sjálfsgat að benda á, að sé horft til samanburðar á verðlagi og aðstæðna í boði, er varla skiljanlegt hversu lítið var sótt um og er enn laust hjá Ármönnum á haustdögum í Hlíðarvatni. Öðru vísi okkur áður brá. Í seinasta Áróði var fjallað allitarlega um þetta frábæra veiðivatn og hafi menn ekki lesið það vel, hvet ég til þess að úr því verði bætt og viðeigandi ráðstafanir gerðar. Sjálfur á ég einstaklega góðar septemberminningar þaðan og fengsælasta ferð mín þangað var farin fyrir fáeinum árum einmitt í þeim mánuði.

Minnt er svo á vötnin fallegu

sunnan Tungnaár, en þau eru megin efni þessa blaðs og er þá vísað til mjög fróðlegrar greinar eftir Olgeir Engilbertsson í Nefsholti og hvatningarorða frá okkar ágæta Guðmundi Hauki og einnig fylgir svo þessu blaði kort af vötnunum.

Hvert svo sem spor Ármanna um veiðislóðir og annað fagurt umhverfi munu liggja þetta sumar, er áreiðanlega víst að margar góðar sögur og myndir munu í haust geta átt erindi í Áróð eða á eitthvert kynningarkvöldanna okkar næsta vetur. Höfum það endilega í huga.

Þó hér hafi verið komið inn á ótíðindi liðins vetrar, hefir þann tíma verið hlýtt og notalegt í Árósum í Dugguvogi eins og ævinlega á öllum samkomum okkar, hvort sem þær hafa verið fjölmennar eða fámennar. Húsnefnd hallar aftur hurðinni þar um miðjan maí og þakkar fyrir sig að sinni og hlakkar til endurfunda að sumri liðnu.

Ágætu félagar.

Í foreldrahúsum var mér kennt, þegar lagt var upp í veiðiferð, að biðja mönnum góðrar skemmtunar, en segja aldrei “góða veiði”. Með því orðalagi var lögð áhersla á tilgang ferðar og þann anda sem vonandi svifi yfir vötnunum.

Ég óska ykkur öllum góðrar skemmtunar í sumar.

Hilmar Finnsson



Vötnin sunnan Tungnaár

Framvötnin

Flestir sem leggja leið sína inn á Landmannaafrétt fara Fjallabaksleið nyrðri, F225 af Landvegi móts við Búrfell. Einnig er hægt að fara Sigölduleiðina frá Hrauneyjum eða austan úr Skaftártungu. Þegar ekið er neðan úr byggð inn í Landmannalaugar sjást ekki nema þrjú stöðuvötn frá veginum. Það eru Löðmundarvatn, Dómadalsvatn og Frostastaðavatn. Sé betur að gáð eru 14 vötn á Landmannaafrétti sunnan Tungnaár auk Kirkjufellsvatns, sem er austast og er á mörkum afréttarins og Skaftártunguafréttar. Um það vatn er sérstakt félag. Uppúr miðri 20. öld fóru að aukast ferðir fólks inná hálendið með bættum vegum og aukinni bílaeign.

Flest vötnin á svæðinu munu hafa verið fisklaus nema Ljótípollur og vötnin sem hafa samgang við Tungnaá, Blautaver, Kýlingavötnin og Kirkjufellsvatn.

Í þessum vötnum var allgóður urriði. Ekki er nákvæmlega vitað hvenær farið var að reyna að rækta fisk í fisklausu vötnunum, en ég ætla að segja hér á eftir frá því sem mér hefur tekist að fréttast af. Um 1960 fékk Sæmundur Guðmundsson skólastjóri á Laugalandi leyfi sveitarstjórna á svæðinu til að fara með seiði í Hnausapoll (Bláhyll) og Dómadalsvatn og fékk hann umrædd vötn á leigu í þessum tilgangi. Einhverjir voru með honum í þessu og voru látin bleikjuseiði í Hnausapollinn og Dómadalsvatn.

Um svipað leyti fengu Sæmundur og Filippus Magnússon á Hellum leyfi til að flytja lifandi urriða úr Stóra Fossvatni í Frostastaðavatn. Filippus átti gamlan bíl fyrir innan Tungnaá og fóru þeir á vörubíl hans inn að á og fóru á bát yfir ána. Þeir veiddu um 100 fiska í Fossvatn-

inu og fluttu þá í tunnu fram að Tungnaá, fóru með tunnuna yfir ána á bátum og endurnýjuðu vatnið í tunnunni. Síðan flýttu þeir sér með tunnuna á vörubílnum að Frostastaðavatni og sturtuðu fiskunum í vatnið. Um 40 fiskar komust lifandi í vatnið

Árið 1965 er stofnað veiðifélag um öll vötn á Landmannaafrétti og er nafn félagsins Veiði og fiskiræktarfélag Landmannaafréttar. Starfsemi Veiðifélagsins hefur alltaf snúist meira um Veiðivötnin enda gamalgróin veiðistöð og mikil aðsókn. Þó mun strax árið 1965 verið byrjað að koma til fiski í vötnunum sunnan Tungnaár. Þá voru látin bleikjuseiði í einhver vötn, líklega Löðmundarvatn, Sauðleysuvatn, Eskihlíðarvatn og Hrafnabjargavatn.

Árið 1966 var farið með urriðaseiði í Lifrafjallavatn og 1967 með urriðaseiði í Herbjarnarfellsvatn. 1968 var samþykkt að fara með seiði úr klakstöðinni á Heiðarbrún í vötnin sunnan Tungnaár. Það var urriði af Veiðivatnastofni.

1985 var enn farið með urriðaseiði í Lifrafjallavatn. Fyrstu árin virtist góður vöxtur í fiskinum og ég man eftir eitt haustið fengum við fjallmenn 5-6 punda afar feitar og góðar bleikjur úr Eskihlíðarvatni í matinn í Landmannalaugum. Ég sá líka einu sinni óhemju stóra fiska úr Frostastaðavatni að haustlagi. Þeir voru dökkir og sverir og sagðir eitthvað yfir 10 pund enda fylltu nokkrir fiskar strigapoka.

Fljótlega fór að bera á offjölgun í bleikjuvötnunum eins og gerist víðast hvar. Það skeði einhverntíma áður en það var að menn sem voru með nokkur vötn á leigu fóru með bleikjuseiði í óleyfi í Frostastaðavatn og Dómadalsvatn.

Svipað slys var þegar farið var með bleikju í Botnlangalónin á Skaftártunguafrétti. Eftir það fór bleikjan að yfirtaka öll vötn sem eru með samgang við Tungnaá. Áður var góður urriði í Kirkjufellsvatni, Blautaveri og Kýlingavötnunum en nú er ekkert nema smáblekjurusl í Kirkjufellsvatni en frekar að fáist sæmilegir fiskar í Blautaveri. Þessi bleikja úr ánni er búin að fjölga sér mikið í öllum vötnunum á Veiðivatnasvæðinu sem hafa samband við Tungnaá. Ef þessi náttúra bleikjunnar hefði verið kunn á þessum tíma hefði ekki nokkrum manni dottið í hug að láta bleikjuseiði í svona fjallavötn. Menn héldu að bleikjan næði frekar en urriðinn að byggja sig upp af því að hún tæki síður á stöng og yrði þar af leiðandi síður útrýmt. Því segi ég “fyrirgef þeim þeir vita ekki hvað þeir gjöra”. Urriðinn þarf helst rennandi vatn til að hrygning takist, en bleikjan virðist geta hrygnt hvar sem er og þess vegna fjölgar henni svona mikið í lokuðum vötnum.

Nýting vatnanna.

Fyrstu árin eftir sleppingarnar var lítið hugað að þessum vötnum, sem seiðum var sleppt í, en 1969 gerði Veiðifélagið samning við Jörund Þórðarson um leigu á Ljótapólli, Blautaveri og Kýlingavötnunum. Í þessum vötnum var urriði.

Blautaver er lítið lón norðan undir Ljótapólli með samgang við Tungnaá og eins er með Kýlingavötnin. Þau eru nánast lón sem kvísl úr Tungnaá rennur í gegnum. Ekki er mér kunnugt um veiðiskýrslur frá Jörundi, en 1972 semur Veiðifélagið við Guðmund Finnbogason um leigu á þessum sömu vötnum..

1972 er samið við Þóri Sveinbjörnsson á Lyngási og fl. um leigu



Greinarhöfundur við veiðar í Löðmundarvatni.

á Löðmundarvatni og vötnum þar í kring. Einhverjir fleiri höfðu einstök vötn á leigu og í skýrslum frá 1977 getur Ólafur Íshólm Jónsson á Selfossi um veiði í Hrafnabjargavatni, 7 fiskar í net og í Frostastaðavatni að meðaltali 4,5 fiska í net og þyngd 2,7 kg. Bleikjan 5-7 ára og urriðinn 8-9 ára og smáfiskur í Löðmundarvatni fer stækkandi ár frá ári. Árið 1981 semur Veiðifélagið við nýja leigutaka. Það er Stangaveiðifélag Rangæinga sem tekur á leigu Lifrafjallavatn, Dómadalsvatn og Kýlingavötnin og Sigríður Ingólfsdóttir sem tekur á leigu önnur vötn nema Hnausapoll (Bláhyl). 1981 veiddust 475 smábleikjur í Dómadalsvatni 1982 er talað um smækkandi bleikju.

1983 fékk Sigríður leyfi til að flytja smábleikju úr Löðmundarvatni í Frostastaðavatn. Einnig fékk hún leyfi til að sleppa urriðaseiðum í Frostastaðavatn. Óli E. Adólfsson sá aðallega um veiðina á vegum Stangaveiðifélagsins fyrstu árin og svo Ólafur Sigfússon á Ketilsstöðum og ætla ég að draga saman niðurstöður úr veiðiskýrslum þeirra. 1984 voru látin 2500 sjóbirtingsseiði í Lifrafjallavatn og veiddust þar 73 fiskar, Kýlingavatn 189 og Dómadalsvatn 1160 fiskar. 1985 Dómadalsvatn 720 bleikjur 31 cm. 750 g.

Kýlingavatn 532 fiskar til helm-

inga bleikja og urriði 15-48 cm. 300 g. meðalþ.

Lifrafjallavatn 4 urriðar 35-38 cm. magrir. Seiðum sleppt í Lifrafjallavatn 1986. Dómadalsvatn 285 fiskar 28-30 cm 300-500 g. Vatnshiti 6 stig.

Það var svo árið 1992 sem Sverrir Kristinsson í Gíslholti, Ómar Smári bróðir hans ásamt Helgu systur þeirra og fjölskyldur stofnuðu fyrirtækið Fjallafang og hófust þá þegar handa við grisjun bleikjunnar í nokkrum vötnum. Þau höfðu aðstöðu við suðurenda Eskihlíðarvatns í Móeli á vagni. Strax fyrsta árið veiddust um 20 þúsund bleikjur og 12 urriðar allt mjög smár fiskur og óþrif merkjanleg nánast í hverjum fiski. Þau veiddu einnig í Frostastaðavatni rúmlega 2000 bleikjur og 305 urriða 500-600 g. Í Löðmundarvatni veiddust um 4500 bleikjur um 90 g.

Fljótlega fór að myndast markaður fyrir nýjan fisk hjá ferðafólki í Landmannalaugum og var afgreitt upp í pantanir. Allt fiskifang sem ekki nýttist til manneldis var verkað í skepnufóður og flutt til byggða. Nú kallaði eitt á annað og var farið að selja flök úr Landrover Fjallafangs á kvöldin í Landmannalaugum.

Smám saman fór ferðafólk að spyrja um kartöflur og fleiri nauðsynjar í ferðum og það þróaðist í að sett var upp verslun í Land-

mannalaugum með ýmsar nauðsynjar í gamalli skólarútu af Keflavíkurflugvelli.

Það voru Ómar Smári og Nína Ivanova kona hans, sem mest hafa starfað í búðinni. Þau eru bæði myndlistarmenn og auk þess að vera með matvörur, sælgæti, póstkort, grillvörur o.fl. selja þau kaffi og listmuni. Fljótlega var bætt við annarri rútu við hliðina og þar getur fólk sest niður með kaffibolla.

Það þykir ómissandi hluti af góðri fjallaferð að koma við hjá Smára og Nínu í Fjallabúðinni Mountain Moll, enda eru þau afar skemmtileg heim að sækja.

Á fyrstu árunum veiddu Fjallafangsmenn tugi þúsunda af smábleikju mest úr Eskihlíðarvatni og líka mikið úr Frostastaðavatni og Löðmundarvatni.

Fiskurinn virtist braggast aðeins en stækkaði lítið lengi vel. Bjarni Jónsson fiskifræðingur Fjallafangsmanna taldi að ef til vill hefði verið veitt heldur mikið þannig að skapaðist svigrúm fyrir aukna viðkomu. Þetta er nokkurs konar víta-hringur. Seinni árin hefur verið lögð áhersla á að halda í horfinu og bæta stofninn í Frostastaðavatni og Löðmundarvatni, en látið frekar ráðast með Eskihlíðarvatn. Mörg undanfarin ár hafa veiðiréttareigendur

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið

Akureyri: Hornið



Fallegt við Lifrafjallavatn. Löðmundur bakvið.

getað fengið leyfi til að fara með smáriðin net, 2 lagnir í Frostastaðavatn. Það er hugsað sem viðbót við grisjun Fjallafangs og er undir umsjón og eftirliti þeirra enda sér Fjallafang um veiðieftirlit á svæðinu sunnan Tungnaár.

Frostastaðavatn 572 metrar yfir sjó er stærsta vatnið á svæðinu um 230 hektarar og er það eitt af vinsælustu stangaveiðivötnunum. Bestu veiðistaðirnir eru austur við hraunið að sumra dómi. Nú seinni ár hefur ekki veiðst urriði í vatninu þó að nokkrum sinnum hafi verið sleppt í það urriðaseiðum. Fengist hafa stórir fiskar í vatninu 5-7 pund.

Ljótípollur. Um 40 hektarar 573 m. yfir sjó 14 metra djúpt gígvatn sem myndaðist í Veiðivatnagosinu 1477 ásamt mörgum öðrum jarðmyndunum svo sem Norðurnámshrauninu, gígnum Stút við Frostastaðaháls, Laugahrauninu og Námshrauninu, sem rann úti Frostastaðavatn. Brattar skriður eru niður að vatninu. Ekki er vitað hvenær urriðinn kom í Ljótípoll, en þar hefur verið þökkaleg veiði á þeim tíma sem hér um ræðir. 1957 fengu veiðimenn stóra horslápa. Um 1960 voru menn að fá nokkuð góðan fisk, en veiðin hefur verið misjöfn eins og gengur. Nú seinustu ár eru að veiðast aðallega fallegir urriðar,

2002 stærst 4 pund.

Blautaver 564 metra yfir sjó um 30 hektara grunnt lón norðan við Ljótípoll með samgang við Tungnaá. Ekið er þangað niður frá Ljótípolli. Meira er af bleikju en urriða og stærstu fiskar á seinni árum 2 pund.

Dómadalsvatn. Um 9 hektarar 566 m.y. sjó í krika nyrst í Dómadal. Ekið er að vatninu með brekkurótum neðan við Dómadalsháls. Í vatnið var eins og áður segir sett eitthvað



5 punda urriði úr Ljótípolli.

af bleikjuseiðum árið 1960. Síðan voru sett bleikjuseiði í vatnið í óleyfi síðar. Fyrstu veiðitölur sem ég finn eru frá 1981, en þá veiddust 475 smábleikjur undir 500 g. og talað um smækkandi bleikju. Nokkrum sinnum hefur verið sleppt urriðaseiðum í vatnið og núna veiðist eingöngu urriði allt að 5 pund.

Lifrafjallavatn er um 75 hektarar 596 m.y. sjó vestanvert við Dómadalsvatn og merkt göngugata

þangað frá vatninu yfir lítinn háls. 15-20 mínútna gangur. Vatnið er afar fallega umkringgt Lifrafjöllunum og í það var sleppt urriðaseiðum 1966 og nokkrum sinnum síðan. Fyrstu veiðiskýrslur sem ég finn sýna 50 fiska í net 1981 2 pund og 8 ára. 1984 var sleppt 2500 sjóbirtingsseiðum í vatnið. Aldrei hefur verið mikil veiði þarna en fallegur staður.

Herbjarnarfellsvatn er tæpir 100 hektarar í 625 metra hæð. Þar var sleppt urriðaseiðum árið 1967. Þar sé ég fyrst getið um veiði 1981 5 fiskar og 1984 500 fiskar. Aldrei hefur veiðst mikið í vatninu, en 2004 eða 2005 veiddist fallegur urriði sem var 33 cm. langur og um pund. Ekki vitað um aldur. Vegslóði að vatninu er rétt vestan við hestagerðin og húsin og vel fær aldrifsbílum.

Löðmundarvatn er sunnan undir Löðmundi um 1 km. frá Landmannahelli. Það er um 80 hektarar í 590 metra hæð og mesta dýpi 40 metrar syðst í vatninu, en góð sandfjara er víðast þar sem ekið er að því og sérlega góð aðstaða fyrir börn að æfa sig. Löðmundarvatn er eitt af bleikjuvötnunum, sem er stöðugt verið að berjast við að halda í

horfinu. Urriðaseiðum hefur verið sleppt í vatnið, en virðist illa ná sér á strik og eins og áður segir býið að stunda mikla grisjun. Síðastliðið sumar veiddust á stöng um 300 fiskar um 350 g. En stundum veiðast fiskar 4-5 pund.

Eskihlíðarvatn er 153 hektarar í 533 metra hæð og 27 metra djúpt. Vatnið er austan Löðmundar og norðan Lifrafjalla. Ekið er að vatninu annað hvort úr Dómadal eða af



Ljótípollur

Sigölduleiðinni austanundir Hnausunum. Eins og áður er getið er þetta vatn ofsetið af bleikju. Fjallafangsmenn eru búnir að veiða yfir 63 þúsund smábleikjur úr vatninu og hættir að sinni og sjá til hvað gerist. Á veiðiskýrslum 2008 eru 11 fiskar nefndir.

Kýlingavatn er í 577 metra hæð og alls um 500 hektarar ef bæði vötnin eru talin. Grunn lón í einni af kvíslum Tungnaár, sem rennur umhverfis Litla Kýling. 1981 eru á skýrslum 475 urriðar um 1 pund og 1984 eru 189 fiskar, 77 urriðar og 112 bleikjur um 300 g. Nú er svo komið að ekkert veiðist nema bleikja. 1992 veiddust 415 bleikjur og 116 urriðar

Hrafnabjargavatn. Um 175 hektarar og 550 metra yfir sjó á sandflæmi austan undir Hrafnabjörgum. Þetta er eitt af vötnunum sem urðu bleikjunnar að bráð og þar hefur fiskurinn aldrei náð góðum vexti. Sumarið 2007 veiddust nokkar örsmáar bleikjur í þokkalegu ástandi, sem getur bent til þess að þetta verði bara sæmilega haldin kreppukóð. Slóðin er eftir öldunum norðan við Sauðleysuvatn og sameiginleg af stað og eru 2,7 km frá veginum að vatninu.

Hnausapollur eða Bláhylur. Um 30 hektara gýgvatn 570 m.y. sjó sem myndaðist í Vatnaöldugosinu árið 871 vestan við Tjörvafell. Hring-slóð er frá Sigölduveginum upp á barminn. Ekki er eins löng skriða niður og í Ljótapalli. Bleikjuseiði voru sett í vatnið 1960 og um tíma veiddust góðir fiskar en mun síðan hafa fjölgað of mikið. Ekki er mikið vitað um ástandið í vatninu.

Sauðleysuvatn. Um 80 hektarar 576 m.y. sjó og 56 metra djúpt. Þetta er eitt af bleikjuvötnunum sem illa gengur að halda í horfinu. Einar Brynjólfsson í Götu samdi við Veiðifélagið um að reyna að grisja í vatninu og frá árinu 1993 til 2003 veiddi hann í gildirum yfir



Herbjarnarfell og vatnið.

112 þúsund smábleikjur. Sumt var farið með heim til eldis í kerjum og þá tóku flestir fiskarnir við sér og stækkuðu.

Laufdalsvatn. Um 9 hektarar 540 m.y. sjó í kvos í Dyngjunum norðanundir Löðmundi. Smáspotti er að vatninu af gömlu Dyngjuleiðinni og sést það ekki af veginum. Ekki veit ég um upphaf veiða í vatninu, en 1983 eru á skýrslum 2800 fiskar um 100 g. Einar í Götu hefur verið að grisja í vatninu og virtist fiskurinn vera að ná sér eitthvað, en núna sækir allt í sama farið aftur.

Vötn utan Veiðifélagsins.

Þrjú vötn eða fjögur eftir því hvernig á það er lítið eru á afréttinum.

Kirkjufellsvatn er austan við Kirkjufell á mörkum Landmannaafreittar og Skaftártunguafreittar. Það er 150 hektarar í 573 metra hæð nokkuð djúpt. Þar var fallegur fiskur þangað til bleikjan gekk í það úr Tungnaánni og yfirtók vatnið. Vatnið er utan svæðis Veiðifélags Landmannaafreittar.

Sauðafellsvatn er 45 hektara vatn 322 m.y. sjó sunnan Sauðafells fremst á Landmannaafreitti. Umhverfið er kolsvartur vikur úr síðustu Heklugosum. Fyrir mörgum árum var sleppt í vatnið einhverjum

afgangsseiðum úr klakstöð. Þau virðast hafa fjölgað sér verulega því að kafari sem kafaði í vatnið sagði að það hefði verið eins og í eldiskeri. Þetta er ekki nýtilegt veiðivatn nú um stundir.

Höfðavatn er lítið stöðuvatn milli Stórhöfða og Háöldu í 827 metra hæð. Þetta vatn er langt úr alfaraleið og mjög lífvana. Guðmundur Jónsson kafaði í vatnið fyrir nokkrum árum og fann ekkert líf.

Hnúkspoll mætti kalla lítið og grunnt vatn sem er norðaustantil við Tjörvafell. Í sumum árum þornar þessi pollur upp að mestu og er fyrst og fremst leysingavatn. Smálækur rennur í vatnið austan við Tjörvafell. Er þó sýnt á kortum.

Veiðileyfi

Veiðileyfi í þessi vötn eru seld við Landmannahelli og hjá Fjallafangi í Landmannalaugum. Slæmar heimtur hafa verið á veiðiskýrslum og er það slæmt vegna skipulags á veiðunum. Hvet ég veiðimenn að skila skýrslunum

Það er póstkassi við Tjörvafellsvegamótin og söluaðilar taka við skýrslunum.

*Tekið saman í apríl 2009.
Olgeir Engilbertsson Nefsholti.*

Fluguhnýtingarefni

Ármannaferð í Vötnin sunnan Tungnaár, einu nafni nefnd Framvötnin



Frostastaðavatn

Farið verður 12. júní í fyrri ferðina og eigum við gistingu í skálanum Gili í Landmannahelli aðfaranætur laugardags og sunnudags. Seinni ferðin verður farin 3.-4. júlí og gist í sama skála. Fyrirkomulagið er þannig að hver sér um sig varðandi bílferð, mat og drykk en veiðileyfi eru án endurgjalds fyrir Ármenn samkvæmt samningi við heimamenn. Ármenn sem þekkja til á svæðinu verða í báðum ferðum, óreyndum til halds og trausts. Undirritaður hlakkar til fyrri ferðarinnar með skemmtilegum félögum og sér um að bóka gistingu í báðar ferðirnar. Ekki er enn ákveðið hver verður leiðsögumaður í seinni ferðinni. Þeir sem ætla að tjalda ættu líka að láta vita af sér. Vötnin hafa ekki verið mikið sótt undanfarin ár og rifjast upp fyrir mér lítil veiðisaga frá því fyrir 2 eða 3 árum en fyrst þetta: Kæru félagar, munið að gefa ykkur fram í Landmannahelli áður en veiði er hafin og skila alltaf aflaskýrslu að lokinni veiði í Framvötnunum.

Það var sunnudagur í byrjun júlí og blíðskaparveður með hægum vindi og sólskini. Aðeins 3 veiðimenn voru við veiðar í Frostastaðavatni: Undirritaður ásamt eiginkonunni Jóhönnu, og Ágústi Ú. núverandi stjórnarmanni. Við veiddum í hrauninu í sunnanverðu vatninu en þangað er 20-30 mínútna gangur eftir bakkanum frá bílastæðinu austan við vatnið. Fiskur vakti um allt, aflinn var alveg þokkalegur, sumt smátt en stundum sáum við breddur sem héldu okkur við efnið. Um sexleytið ákváðum við hjónin að fara að huga að heimferð en þegar við gengum stíginn í brattanum austast í hrauninu, rétt áður en komið er að sandinum sáum við að bleikjutorfa var þar alveg við hraunkantinn og innan um voru þvílíkar breddur að Jóhanna sagðist ekki geta staðist að kasta fyrir þær. Ég gekk út á austasta hraunnefið og kastaði þaðan og veiddi 2 eða 3 mjög þokkalegar bleikjur og fylgdist með atganginum í frúnni þar sem hún stóð svo til ofan á bleikjunum glæsilegu og kastaði stutt og lét

sökkva. Eftir nokkur köst kemur ein breddan syndandi úr djúpinu og hrifsar flugu frúarinnar, okkur báðum til undrunar. Þetta var ekki bara ein af þeim millistóru og þokkafullu sem þarna syntu um. Þetta var sú stærsta þeirra allra! Henni var landað og við dáðumst að flykkinu á bakkanum, hvílík bleikja. Þar með var ekki hægt að hætta að svo stöddu og nokkrar mjög fallegar komu á land áður en við urðum að fara því skyldan kallaði af æ meiri ákveðni.

Að lokum langar mig að koma með eina fína kenningu: Bleikjurnar sjá okkur þegar við byrjum að kasta fyrir þær og þær styggjast e.t.v. einhverja stund og láta sig sökkva en þegar frá líður – og það er jafnvel bara eftir stutta stund – muna þær ekki betur en þetta fyrirbæri á bakkanum hafi bara alltaf verið þarna með þetta dæmalaus vings með hendinni. Þess vegna tók stóra bleikjan – hún vissi ekki betur!

*Guðmundur Haukur Jónsson #524
Sími 822 0715*

Vorblótið



Vorblót Ármanna var haldið í Árósum 18. apríl s.l. Þar var húsfyllir, um 60 manns og ánægjulegt að sjá marga upprennandi framtíðar veiðimenn og konur mætta til að gleðjast með okkur. Veitingar voru að hætti húsnefndar; brauðtertur, kökur, kaffi og gos. Aðal spenningurinn var vegna happdrættisins árlega og sívinsæla. Margir góðir og nýtsamir vinningar voru í boði og ber að þakka sérstaklega þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem styrktu okkur með rausnarlegum framlögum. Hér að neðan er listi yfir styrkveitendur:

Arctic Trucks Ísland ehf. Kletthálsi 3 110 Reykjavík

Ármenn Dugguvogi 13 104 Reykjavík

Árvík hf. Garðatorgi 3 210 Garðabæ

Ásbjörn Jónsson #540

**Bókaútgáfan Skjaldborg ehf. Mörkinni 1
108 Reykjavík**

Brox merkingar Ránargötu 20 600 Akureyri

BYKO Breiddinni 200 Kópavogur

Ellingsen Fiskislóð 1 101 Reykjavík

F. Y. H. D. Silungasvæði Vatnsdalsá

Fastus ehf. Síðumúla 16 108 Reykjavík.

Ferðapjónustan Seli 2 Grímsnesi 801 Selfoss

Hreinar Línur, Kópavogi.

I.Guðmundsson Skipholti 15 105 Reykjavík

Intersport Skógarlind 2 201 Kópavogi

Ísleifur Jónsson ehf. Draghálsi 14-16 110 Reykjavík

Járn og Gler ehf. Skútuvogi 1h 104 Reykjavík

Joakims, co. Jón V. Óskarsson #583

Jóhannes Sveinbjörnsson Heiðarbæ 1 801 Selfoss

**Kríunes ehf. Gistiheimili Kríunesi Vatnsenda
203 Kópavogi**

Landeigendur Hreðarvatns, co. Baldur Hauksson

Lax-á ehf Akurhvarfi 16 203 Kópavogi

Promens Tempura ehf. Íshelli 8 221 Hafnarfjörður

RadíóRaf Smiðjuvegi 52 200 Kópavogi

Reykofninn ehf. Skemmuvegi 14 200 Kópavogi

Sigurður Benjamínsson #368

Skógræktarfélag Reykjavíkur Elliðavatni

**Sportvöruverslunin Útilíf Hagasmára 1
201 Kópavogi**

Stefán B. Hjaltested #40

**Strengir veiðileyfasala Smárarima 30
112 Reykjavík**

Veiðibúðin við Lækinn Strandgötu 49

220 Hafnarfirði

Veiðihornið Síðumúla 8 108 Reykjavík

Veiðihúsið Sakka ehf. Hólmaslóð 4 101 Reykjavík

Veiðikortið ehf. Kögurseli 38 109 Reykjavík

Veiðiportið Grandagarði 3 101 Reykjavík

Veiðisport ehf. Eyrauvegi 15 800 Selfoss

Veiðivon Mörkinni 6 108 Reykjavík

Vesturröst Laugavegi 178 105 Reykjavík

Würth á Íslandi ehf. Vesturhrauni 5 220 Garðabær

ZO-ON Nýbýlavegi 18 200 Kópavogi

Ef einhver hefur gleymst í þessari upptalningu er viðkomandi beðinn innilegrar velvirðingar á því.



Við Landmannahelli er rekin ferðapjónusta og þar er m.a. hægt að fá gistingu í góðum fjallaskálum. Í boði eru átta skálar og þar af fjórir litlir 4-8 manna skálar sem henta vel fyrir fjölskyldu og litla veiðihópa. Tekið er við pöntunum í síma 893 8407 og info@landmannahellir.is

Verið velkomin í Landmannahelli,
Hellismenn ehf.
www.landmannahellir.is



**Flugustangir
Línur
Hjól**



Skútuvoði 4 - 104 Reykjavík - Sími 581 2121 - www.rbv.is

Félagsmenn eru hvattir til að fara inná heimasíðu Ármanna og skrá netföng sín til að fá sendar fréttir tengdar félaginu.



Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Eiríkur I. Bjarnason, eirikur@wurth.is.

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf. www.armenn.is / armenn@armenn.is